

Nr. 18-165 S 111 Guðrún BA 127**Olíulaus, bilun í búnaði og fylgt til hafnar**

Skipaskr.nr: 2085
Útgerð: Útgerðarfélagið Dagný ehf
Smíðaður: Noregi 1990 plast
Stærð: 6 brl. 9,4 bt.
Mesta lengd: 10,54 m Skráð lengd: 9,54 m
Breidd: 3,35 m Dýpt: 2,09 m
Vél: Deutz 148 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 2



Guðrún©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. ágúst 2018 var Guðrún BA 127 á siglingu á Faxaflóa. Veður: SA og SSA 4 - 19 m/sek. (*Garðskagaviti 30. ágúst frá kl. 08:00 til 17:00*)

Þegar báturinn var staddur um 20 sml NV af Akranesi tilkynnti skipstjórinn til Vaktstöðvar siglinga að hann væri olíulaus. Vinnuskipið Óðinn fór frá Reykjavík með olíu en þegar hann kom að Guðrónu BA kom í ljós að stýrisdælan var einnig biluð og var ákveðið að fylgja bátinum áleiðis til Akraness.

Veður fór versnandi og var þá stærra björgunarskip, Ásgrímur S. Björnsson kallaður út og hélt á móti Guðrónu. Ásgrímur og Óðinn fylgdu bátinum til hafnar á Akranesi en þangað var komið u.þ.b. 10 klst. eftir beiðni um aðstoð barst.

Við rannsókn kom fram:

- að í bátinum voru tveir olíutankar og taldi skipstjórinn að annar tankurinn væri fullur. Hann hafði reynt að fylla á hann en dælan sló af sér en í ljós kom að öndunarrörið frá öðrum þeirra var stíflað sem kom í veg fyrir að olía kæmist á hann;
- að olíutankurinn sem skipstjórinn taldi vera fullan og óhreyfðan hafði lekið með krananum sem tengdi báða tankana saman þannig að í raun hafði verið eytt af þeim báðum samtímis;
- að engir olíumælur voru á tönkunum en sjónglös á þeim báðum virkuðu ekki rétt en þau sýndu þá báða ávallt fulla;

- að viðgerð hafði farið fram á stýrisbúnaði bátsins áður en farið var úr höfn en á siglingunni kom í ljós að bilunin var ennþá til staðar.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að báturinn var vanbúinn til ferðarinnar.